

## Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Árna Þór Sigurðssyni  
um áætlaðar tekjur af legugjöldum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hverjar eru áætlaðar tekjur ríkissjóðs vegna áforma um legugjöld á sjúkrahúsum á árinu 2014 og hvernig skiptast þær á einstakar stofnanir?
2. Hvaða forsendur liggja til grundvallar um fjölda legudaga og fjölda greiðenda, skipt á einstakar stofnanir?

Í eftirfarandi töflu má sjá hvernig áætlaðar tekjur ríkissjóðs af legugjöldum skiptast á einstakar stofnanir, en samtals er gert ráð fyrir að þær verði um 290 millj. kr. á árinu 2014.

Heiti stofnunar	Legudagar	Áætlaðar tekjur, millj. kr.
Heilbrigðisstofnun Austurlands	7.884	9,4
Heilbrigðisstofnun Suðausturlands	876	1,0
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	7.391	8,8
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	9.636	11,5
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	4.380	5,2
Heilbrigðisstofnun Vesturlands	18.590	22,2
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	2.336	2,8
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	876	1,0
Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð	876	1,0
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	584	0,7
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	2.044	2,4
Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	2.044	1,8
Landspítali	168.760	199,5
Sjúkrahúsið á Akureyri	18.470	22,1
<b>Samtals</b>	<b>244.747</b>	<b>289,4</b>

Við mat á áætluðum tekjum var almennt horft til mögulegs fjölda legudaga á stofnunum að gefnum fjölda sjúkrarýma. Áætluð tekjuaukning miðast við u.þ.b. 80% nýtingu á þeim sjúkrarýmum sem eru á stofnuninni. Í töflunni má sjá þann fjölda legudaga, skipt á einstakar stofnanir, sem liggur til grundvallar.

Miðað er við að innheimta 1.200 kr. gjald fyrir hvern legudag og er gjaldinu ætlað að koma á móti svonefndum hótelnkostnaði sjúkrahússins. Gjaldið er í samræmi við sólarhringsgjald sem innheimt er af sjúklingi sem dvelur á sjúkrahóteli. Á árinu 2012 var meðallengd legu á sjúkrahúsi á bilinu átta til níu dagar, en það þýðir 10–11 þús. kr. gjald fyrir legu að jafnaði. Að gefnum upplýsingum um meðallengd legu má ætla að fjöldi greiðenda gæti verið á bilinu 27–30 þúsund.

